

Háskerpu skjávarpamálning fyrir dimm rými

Smart High Contrast Projector Screen Paint

Smart High Contrast Projector Screen Paint er ljósgrá hágæða skjávarpamálning sem hentar fyrir alla almenna skjávarpanotkun. Hún er hönnuð til að endurkasta myndefni úr tölvuleikjaumhverfi og heimabíóum með fullkominni skerpu í rýmum með lítilli umhverfislýsingu (hún hentar þó ekki í almyrkvuðum rýmum).

Ljósgráa skjávarpamálningin eykur skerpu mynda á veggnum með því að gleypa meira af ljósi úr umhverfinu en hvítur flötur gerir. Þetta krefst þess að skjávarpinn hafi meira ljósflæði (hærra en 1500 lúmen) svo litirnir verði ekki daufir. Málningin er sérstaklega hönnuð til að höndla dekkri liti betur svo svartir tónar skeri sig betur úr. Hún er einnig hönnuð og prófuð til að veita hámarks endurvörpum með HD og 4k skjávörpum. Ólíkt hefðbundnum veggjum þarf þá ekki að hafa áhyggjur af ljósablettum eða breytilegu / ósléttu yfirborði sem dregur úr myndgæðum.

Smart High Contrast Projector Screen Paint skjávarpamálningin sýnir myndefni í betri gæðum en hefðbundin skávarpatjöld en er jafnframt auðveld í notkun og hefur engin takmörk í stærð eða formi flatar. Hún hentar afar vel heima við þegar margir vilja njóta kvikmynda saman eða spila tölvuleiki í hóp, svo eitthvað sé nefnt. Með Smart High Contrast Projector Screen Paint málningunni fer skjávarpaflöturinn beint á sléttan vegginn og engin þörf er því fyrir fyrirferðarmikil og dýr skjávarpatjöld. Þetta er því hagkvæm en jafnframt fagurfræðilega góð lausn.

Efnið er selt í pakkasetti sem inniheldur málningu, verkfæri og leiðbeiningar.

Innihald pakka

- 1 x skjávarpamálning fyrir 4,5 m² veggflöt
- 1 x rúlluskaft
- 1 x rúllur
- 1 x leiðbeiningabæklingur

Aðalatriðin:

- Skjávarpamálning hönnuð fyrir tölvuleikjaumhverfi og heimabíó
- Bætir upplausn mynda
- Enn betri andstæður ljóss og skugga, meiri dýpt í litum og svarttönnum
- Hentar í rökkvuðum rýmum
- 5 ára ábyrgð
- Þróuð, hönnuð og sannreynd fyrir notkun með leiðandi framleiðendum skjávarpa, svo sem Epson, BenQ, Sony, Panasonic, LG og Optoma
- Hentar bæði sk. „short throw“ og „ultra short throw“ skjávörpum
- Engir ljósablettir (hotspots)

- Pakkinn inniheldur allt sem þarf til uppsetningar
- Auðveld í notkun – tvær umferðir af málningu
- Flöturinn er tilbúinn til notkunar eftir 24 klukkustundir
- Má þrifa með vatnsrökum klút án hreinsiefna

Tæknilegar upplýsingar

Þekja – 279 x 157 cm (4,50 m²) í 16:9 hlutfalli (4,5 m²)

Þyngd/Magn: 880 ml /1,29 kg

Endurkast skjáljóss (gain value): 0,6 við 140° sjónarhorn

Lýsing: Virkar vel í flestum rýmum með lítilli lýsingu

Minnsta Lumen-gildi sem mælt er með: 1,500 Lumen

Litaupplausn: 90%

Endurkast ljóss: 57%

Litur: Ljósgrár

Gljástig: Matt

Myndskerpa: 95%

Skjástærð: 120"/320 cm í 16:9 myndhlutfalli

Umhverfisáhrif – Engin leysiefni eða rokgjörn lífræn efni (VOC). Án PFOA, PFOS og ísósýanata

Vottanir: Óháð frammistöðuskýrsla um skjávörpun – CREST, gæðastaðall fyrir gifsáferð er stig Q4 í EB / stig 5 í Bandaríkjunum

Viðeigandi fletir – Smart White Projector Screen Paint Pro málningin hentar á alla slétta fleti, þ.e. veggj, gifs, steypu, við, málm o.s.frv.

Verklýsing

- Tryggið að flöturinn sé hreinn, þurr og fastur í sér. Mælt er með að þrifa vegginn með fituhreinsi, t.d. Málartvätt frá Nordsjö
- Mælið svæðið sem á að mála og merkið útjaðrana með málningarlímbandi
- Smart High Contrast Projector Screen Paint skilar bestum árangri á alveg sléttum flötum. Ógrunnaða fleti þarf fyrst að grunna og gott að klappa yfir grunninn á eftir með sandpappír
- Hrærið upp í skjávarpamálningunni og rúllið fyrstu umferðina
- Rúllið seinni umferðinni á flötinn þegar sú fyrsta er þornuð.
- Hlífið nýmáluðum fletinum í 24 klst. fyrir notkun